

Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2015, þriðjudaginn 24. febrúar var haldinn 114. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Foldaskóla í Grafarvogi og hófst kl. 16:30. Viðstaddir voru Bergvin Oddsson, formaður, Guðbrandur Guðmundsson, Gísli Rafn Guðmundsson og Elísabet Gísladóttir Auk þeirra sátu fundinn Trausti Harðarson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, Jóhannes Óli Garðarson, áheyrnarfulltrúi Korpúlfa, samtaka eldri borgara í Grafarvogi, Árni Guðmundsson, áheyrnarfulltrúi Íbúasamtaka Grafarvogs, Inga Lára Karlsdóttir áheyrnarfulltrúi Íbúasamtaka Bryggjuhverfis, Ingibjörg Sigurþórsdóttir, framkvæmdastjóri í Miðgarði, og Margrét Richter rekstrarstjóri í Miðgarði, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Skýrsla Intellecta um stofnun sfs og sameiningu skólastofnana Rvk. var lögð fyrir fundinn http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/uttekt_-_addragandi_stofnunar_skola-og_fristundasvids_og_sameiningarferli_skola_-_januar_-_2015.pdf. Kristján Einarsson frá Intellecta kynnti helstu niðurstöður.

Herdís Anna Þorvaldsdóttir kom inn á fundinn kl 16:55.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga Hverfisráðs Grafarvogs:

Hverfisráð Grafarvogs beinir því til Reykjavíkurborgar að gerð verði könnun meðal foreldra og unglunga í Grafarvogi um upplifun þeirra á þeim sameiningum grunnskóla og leikskóla sem gerðar hafa verið í hverfunum. Meðal annars verði spurt hvort þessar sameiningar eigi að standa eða breyta til baka.

Tillaga samþykkt

Lögð var fram svohljóðandi bókun fulltrúa sjálfstæðisflokks í Hverfisráði Grafarvogs:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Hverfisráði Grafarvogs vilja þakka úttekt og kynningu Intellecta á aðdraganda stofnunar skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og sameiningarferli skóla. Í úttektinni er í einu og öllu tekið undir gagnrýni foreldra á sameingarferli skólanna. Í skýrslunni kemur skýrt fram að samráð var algjörlega ófullnægjandi við lykilaðila auk þess sem það skorti framtíðarsýn, faglegar og fjárhagslegar forsendur til að fara í þessar afdrifaríku aðgerðir. Sameingarferlið, undirbúningur og framkvæmd verksins fær því felleinkunn. Draga þarf lærdóm af því sem miður fór í þessu umfangsmikla og viðkvæma verkefni.

Lögð var fram svohljóðandi bókun fulltrúa Bjartrar framtíðar í hverfisráði Grafarvogs og áheyrnarfulltrúa íbúasamtaka Bryggjuhverfis:

Fulltrúar fagna úttekt Intellecta á aðdraganda sameiningu stofnana í Grafarvogi og ýmislegt sem þar kom fram að hefði mátt gera betur. Hins vegar voru einnig atriði sem voru vel unnin og lykilatriði að draga lærdóm af fyrri reynslu og jafnvel athuga betur ákveðna þætti með annarri rannsókn.

Trausti Harðarsson vék af fundi kl. 17:30

Jóhann Óli Garðarson vék af fundi kl 17:50

Fundi slitið kl. 18:10

Guðbrandur Guðmundsson

Bergvin Oddsson

Elísabet Gísladóttir

Gísli Rafn Guðmundsson

Herdís Anna Þorvaldsdóttir